

## Úthlutunarreglur fyrir flokk B

### fyrir

## Orkurannsóknasjóð Landsvirkjunar

### 1. gr. - Umsóknir

- 1.1. Stjórn Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar (stjórnin) auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn einu sinni á ári hið minnsta. Frestur til að skila inn umsóknum skal ekki vera skemmri en 30 dagar og ekki lengri en 60 dagar.
- 1.2. Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti á sérstökum eyðublöðum sem stjórnin lætur útbúa hverju sinni. Öllum fylgiskjölum skal skila inn á rafrænu formi með umsókn.
- 1.3. Umsókn umsækjanda skal vera í samræmi við 2. og 4. gr. stofnskrár sjóðsins og falla undir B flokk sjóðsins til að teljast gild.
- 1.4. Stjórnin gerir kröfu um að umsækjandi skýri möguleg umhverfisáhrif af rannsóknarverkefningu ef við á og leggi fram áætlun um mótvægisáðgerðir.
- 1.5. Stjórnin getur óskað eftir nánari upplýsingum frá umsækjendum en fram koma í umsókn.
- 1.6. Stjórninni er heimilt að leita sérfræðipækkingar í störfum sínum, telji hún þörf á, enda ríki fullur trúnaður um þær upplýsingar sem öðrum eru veittar.
- 1.7. Stjórnin úthlutar styrkjum að minnsta kosti einu sinni á ári.

### 2. gr. - Flokkur B: Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

- 2.1. Auglýst er eftir umsóknum frá háskólum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum um styrki úr þessum flokki. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum sem verkefnið þarfnast. Stjórnin ákveður styrkveitingar og styðst við mat óháðra fagaðila ef hún telur það nauðsynlegt. Gera má ráð fyrir að veitt verði vilýrði fyrir styrk til fleiri ára en eins árs, með fyrirvara um tiltekinn árangur samkvæmt skilgreindri verkáætlun og endurnýjaðri umsókn á hverju ári.
- 2.2. Styrkir í flokki B nema að jafnaði ekki meiru en helmingi útlagðs kostnaðar við styrkt verkefni.
- 2.3. Stjórninni er heimilt að hvetja í auglýsingu til umsókna um rannsóknarverkefni á tilteknum fræðasviðum.
- 2.4. Við mat á umsóknum metur stjórnin hversu vel verkefni fellur að tilgangi og markmiðum sjóðsins og hversu líklegt verkefnið er til að afla nýrrar þekkingar. Litið er til starfsferils umsækjanda, rannsóknarferils, samstarfsaðila umsækjanda og aðstöðu

umsækjanda til að sinna verkefninu. Ef styrkuppþæð sem sótt er um felur í sér verulegan þátt til launa meistara- eða doktorsnema skal gera grein fyrir reynslu og hæfni leiðbeinanda og námsárangri nemanda. Jafnframt er litið til trúverðugleika kostnaðaráætlunar verkefnisins og hvort verkefnið njóti styrkja annarra sjóða.

### **3. gr. - Trúnaður**

- 3.1. Stjórn og starfsmenn sjóðsins skulu gæta fulls trúnaðar um þær upplýsingar sem fram koma í umsóknum. Þurfi stjórnin að leita sérfræðiaðstoðar skal það gert með skilyrði um fyllsta trúnað af hálfu ráðgjafa.
- 3.2. Stjórn er heimilt að greina opinberlega frá heiti rannsóknar og nafni styrkþega.

### **4. gr. - Almenn**

- 4.1. Stjórn skal gera samning við styrkþega um tilhögun greiðslu styrks og skuldbindingar styrkþega, svo sem varðandi framvindu-, áfanga- og lokaskýrslur.
- 4.2. Stjórn er heimilt í samningi við styrkþega að skilyrða styrkveitingu því að hlutdeild í tekjustreymi sem skapast vegna verkefnisins eða einkaleyfa á uppgötvunum renni til sjóðsins.
- 4.3. Stjórn sjóðsins skal gæta hlutleysis við yfirferð umsókna og gerð samninga við styrkþega. Stjórnarmönnum er ekki heimilt að senda inn umsóknir um styrki úr B-flokki Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar í eigin nafni.

### **5. gr. - Setning reglna**

- 5.1. Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 3. gr. í Stofnskrá Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar, dags. 6. nóvember 2008.
- 5.2. Reglum þessum getur stjórn sjóðsins breytt árlega, þó ætíð áður en auglýst er eftir umsóknum hverju sinni.

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Í stjórn Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar:

Stjórnarformaður:  
Ragna Karlsdóttir, verkfræðingur

Aðrir stjórnarmenn:  
Halldór G. Svavarsson, prófessor í Háskólanum í Reykjavík  
Brynhildur Bjarnadóttir, dósent í Háskólanum á Akureyri  
Hrund Ólög Andradóttir, prófessor í Háskóla Íslands  
Óli Grétar Blöndal Sveinsson, forstöðumaður þróunar vatnsafls Landsvirkjunar  
Ragnheiður Ólafsdóttir, sérfræðingur Landsvirkjunar